



Jákvæð tengsl eru undirstaða farsældar og náms.

Heillaspor í Egilsstaðaskóla

Heillaspor er heildræn nálgun sem miðar að því að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Heillaspor kemur upphaflega frá Bretlandi en unnið hefur verið eftir hugmyndafræði Nurture þar í landi í áratugi. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur það hlutverk að innleiða Nurture í íslenskt skólakerfi og hafa þýtt og staðfært verkefnið, sem hlotið hefur heitið Heillaspor, að íslenskum aðstæðum samkvæmt samningi við Nurture International í Bretlandi. Í Egilsstaðaskóla hefur starfsfólk unnið að innleiðingu Heillaspora í samstarfi og undir handleiðslu sérfræðinga og leiðtoga Heillaspora hjá MMS og hófst sú vegferð formlega í ágúst 2024 með námskeiði fyrir allt starfsfólk á undirbúningsdögum.


Hugmyndafræði Heillaspora er byggð á tauga- og tengslafræði, aðferðum um áfallamiðaða nálgun, jákvæðri sálfræði og hugarfari grósku. Í Heillasporum er lögð áhersla á að öll þau sem vinna með börnum skilji taugafræðilegar ástæður hegðunar og hvernig hægt er að hafa áhrif á hegðun og líðan með því að skapa umhverfi og aðstæður sem gerir öllum kleift að vaxa og dafna og að nemendum sé mætt í takt við úrvinnslu heilans.

Þegar unnið er eftir aðferðum Heillaspora er unnið eftir sex lykilþáttum um vellíðan í námi sem er talið nauðsynlegt að séu til staðar til þess að gera nemendum kleift að læra nýja hluti og ná árangri. Allir þættirnir fléttast saman með einum eða öðrum hætti


og er talað um sex leiðandi vörður Heillaspora.

Hvað felst í Heillasporum?

Í Heillasporum er horft heildrænt á skólaumhverfið og hlutverk þess í að skapa umvefjandi og kærleiksríkt



Leiðandi vörður Heillaspora



skólasamfélag sem hefur trú á öllum til að ná árangri í námi og daglegu lífi. Þar er grunnurinn að öll upplifi sig tilfinningalega örugg og er lögð áhersla á fyrirsjáanleika og stöðugleika og að upplýsingar séu skýrar og aðgengilegar. Í hugmyndafræði Heillaspora er lögð rík áhersla á tengslamyndun og jákvæð tengsl milli fólks sem styður um leið við þroska barna. Sálfræðingurinn Bolwby hefur sett fram kenningar um þróun tengsla og um hversu djúpstæð áhrif bernskureynsla getur haft á þroska barna. Mikilvægi jákvæðra tengsla, sem undirstaða náms og farsældar, koma einnig fram í hugmyndum Vygotsky um hinn mögulega þroska.

Skólasamfélagið samanstendur af nemendum, starfsfólki og forsjáraðilum. Allir þessir aðilar eru mikilvægir og gegna hlutverki í að koma á áreiðanlegum og fyrirsjáanlegum tengslum til að styðja við þróun félags- og tilfinningaþroska barna.

Í innleiðingarteymi skólans eru 15 aðilar sem hafa mismunandi hlutverk í skólanum. Leiðtogar Heillaspora hjá MMS hafa komið og haldið vinnufundi en teymið hefur líka skipt með sér ábyrgð á mismunandi verkefnum.

Hvernig birtist innleiðing Heillaspora í skólastarfinu?

Í upphafi skólaárs var hugað að umhverfinu. Til dæmis var reynt að tryggja að öll rati um skólann, bæði

nemendur og gestir, og því voru bættar merkingar til að greiða leið allra um húsnaðið. Hjá hverjum árgangi hanga nú myndir sem sýna allt starfsfólk sem kemur að bekknum, sömuleiðis öll sem starfa á skrifstofugangi og í mötuneyti. Allt starfsfólk ber nú nafnspjöld þannig að börn geta séð greinilega hver starfa við skólann, nöfn þeirra og starfsheiti. Þetta auðveldar þeim að leita til starfsfólksins þegar þarf. Sumum börnum reynast umskipti og breytingar erfiðar, til dæmis að færast á milli kennslustofa, í verkgreinar og í íþróttir. Fyrsta skrefið er að minnka streituna á göngunum fyrst á morgnana og því eru kennslustofur nú opnadar 10 mínútum áður en kennslustund hefst. Þar taka kennarar og annað starfsfólk á móti nemendum í rólegheitum í upphafi dags.

Einn liður í því að auka tengsl á milli nemenda og kennara eru nemendaviðtöl. Nemendaviðtöl er samtal á milli nemenda og kennara þar sem rætt er um líðan barnsins í skólanum, tengsl við bekkjarfélag og framgang í námi. Nemendaviðtöl eru tekin tvisvar á hverju skólaári.

Í innleiðingunni hefur verið lögð áhersla á það við starfsfólk að ávarpa nemendur með nafni, gefa sig að þeim og spjalla og yfir höfuð sýna börnunum áhuga og hlýju. Starfsfólk gætir að líkamstjáningu og raddbeitingu til að byggja undir traust barnanna.

Einnig er hugað að starfsfólkinu og líðan þess. Settur var upp tilfinningamælir sem fólk var beðið um að merkja sig á sem oftast. Líðan starfsfólks hefur áhrif á það í starfi og tilfinningamælirinn hvetur starfsfólk til að vera meðvitað um umhverfi og líðan samstarfsfólksins.

Hverjar eru væntingar okkar?

Með innleiðingu Heillaspora vonumst við til að nemendum og starfsfólki líði betur í skólanum, skólabragurinn verði betri og tengslin á milli fólks sterkari. Þetta getur svo stuðlað að bætttri heilsu, betri skólasókn og aukinni námsfærni.

Það er trú okkar að við getum komið betur til móts við þarfir nemenda, skilið betur hvað felst í tilfinningalegu öryggi og öðlast verkfæri til að bregðast við á jákvæðan hátt með velferð nemenda að leiðarljósi.

Skólinn er fyrst og fremst fólkið sem í honum er, kærleiksríkt samfélag nemenda, starfsfólks og forsjáraðila. Samfélag sem kappkostar að innan þess fari fram uppbyggileg, lærdómsrík og gefandi samskipti þar sem haft er að leiðarljósi að öll fái að njóta sinna hæfileika, þroska þá áfram og eigi möguleika á hamingjusömu lífi.

*Dagbjört Kristinsdóttir
Aðstoðarskólastjóri og leiðtogi innleiðingarteymis
Heillaspora í Egilsstaðaskóla*